



Stefna

Eftirlit með öryggi net- og upplýsingakerfa rekstraraðila heilbrigðisþjónustu

Embætti landlæknis

Embætti landlæknis hefur eftirlit með að rekstraraðilar nauðsynlegrar þjónustu á heilbrigðissviði uppfylli lágmarkskröfur laga nr. 78/2019 um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða (hér eftir kallað „NIS-lög“ eða „NIS“). Þessi stefna embættis landlæknis um fyrirkomulag og framkvæmd eftirlits með rekstrar- aðilum nauðsynlegrar heilbrigðisþjónustu er í samræmi við ákvæði 2. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 866/2020.

Það er stefna embættis landlæknis gagnavart rekstraraðilum nauðsynlegrar heilbrigðisþjónustu:

- að eftirlit embættis landlæknis stuðli að auknu öryggi og viðnámsþrótti net- og upplýsingakerfa rekstraraðila,
- að hafa eftirlit með því að rekstraraðilar hlíti NIS-lögum og afleiddri reglugerð,
- að hafa yfirsýn yfir stöðu öryggis net- og upplýsingakerfa rekstraraðila,
- að eftirlit með rekstraraðilum sé samræmt, skilvirkt og að rekstraraðilar njóti jafnræðis,
- að úttektum embættis landlæknis sé forgangsraðað með tilliti til fyrirliggjandi áhættu,
- að gefa bindandi fyrirmæli þegar frávik greinast og
- að annað hvert ár verði kallað eftir sjálfsmati rekstraraðila á öryggisskipulagi þeirra.

Stefnan er rýnd og endurskoðuð eftir þörfum en að lágmarki á tveggja ára fresti og í kjölfar breytinga á NIS-lögum og afleiddum reglugerðum. Stefnan er staðfest af framkvæmdastjórn embættis landlæknis.

Net- og upplýsingaöryggi

Íslenskt nútímasamfélag reiðir sig í æ ríkara mæli á stafræna tækni og er nú svo komið að hnökror í rekstri net- og upplýsingakerfa geta haft víðtækar og alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir almenning og fyrirtæki. Það er ljóst að stafrænt öryggi leikur mikilvægt hlutverk í efnahagslegu og samfélagslegu tilliti. Með virkum og vönduðum öryggisráðstöfum er lágörkuð sú áhætta sem steðjað getur að öryggi net- og upplýsingakerfa, þ.m.t. vegna fátíðra atburða sem geta valdið fjárhagslegum skaða, gagnatapi eða alvarlegum rekstrartruflunum eins og langtíma rofi í rekstri og/eða þjónustu fyrirtækja og opinberra aðila.

Árið 2016 kom út tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins varðandi ráðstafanir til að ná háu sameiginlegu öryggisstigi í net- og upplýsingakerfum í Evrópusambandinu, sem varðar allt Evrópska efnahagsvæðið (EES). Tilskipunin, sem kölluð er NIS-tilskipunin, var innleidd á Íslandi með lögum nr. 78/2019 um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða. Á grundvelli laganna var sett reglugerð nr. 866/2020 um öryggi net- og upplýsingakerfa rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu. Til að tryggja öryggi og ásættanlega vernd við rekstur net- og upplýsingakerfa ber rekstraraðilum stafrænna grunnvirkja að uppfylla þær lágmarkskröfur sem fram koma í reglugerðinni.

Í desember 2022 samþykkti Evrópuþingið og ráð Evrópusambandsins nýja tilskipun um samræmt stig netöryggis (hér eftir NIS2). Tilskipunin hefur það markmið að samræma enn frekar viðnámsþrótt fyrirtækja

og opinberra aðila við atvikum á sviði netöryggis. NIS2 tilskipunin nær til aðila sem í dag eru undanskildir gildissviði NIS. Má þar m.a. nefna gagnaver, traustþjónustuveitendur, ríkisstofnanir og rekendur jarðstöðva sem styðja við geimtengda þjónustu. Innleiðing NIS2 hér á landi mun hafa þau áhrif að þessir aðilar þurfa að ráðast í aðgerðir til að tryggja netöryggi í starfsemi sinni og mæta þeim kröfum sem regluverkið gerir. Jafnframt mun innleiðing NIS2 auka umfang eftirlits með framkvæmd laganna.

Aðildarríki Evrópusambandsins og þau ríki önnur sem eru á Evrópska efnahagssvæðinu hafa tíma til 17. október 2024 til að innleiða tilskipunina með lagasetningu.

Hlutverk embættis landlæknis

Embætti landlæknis hefur eftirlit með framkvæmd NIS-laganna gagnvart rekstraraðilum nauðsynlegrar þjónustu á sviði heilbrigðisþjónustu. Heilbrigðisþjónusta er skilgreind í lögum nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu sem hvers kyns heilsugæsla, lækningar, hjúkrun, almenn og sérhæfð sjúkráhusþjónusta, sjúkraflutningar, hjálpartækjaþjónusta og þjónusta heilbrigðisstarfsmanna innan og utan heilbrigðisstofnana sem veitt er í því skyni að efla heilbrigði, fyrirbyggja, greina eða meðhöndla sjúkdóma og endurhæfa sjúklinga. Í NIS-lögum er jafnframt vísað til þess að heilbrigðisþjónusta sé sérhver einstaklingur eða lögaðili eða hvaða annar aðili sem veitir heilbrigðisþjónustu á yfirráðasvæði aðildarríkis í samræmi við lög¹.

Það eru þó ekki allir aðilar sem reka framangreinda þjónustu sem falla innan gildissviðs NIS-laganna. Viðkomandi rekstraraðili þarf einnig að teljast vera mikilvægur í efnahagslegu og samfélagslegu tilliti, veiting þjónustu þarf að vera háð net- og upplýsingakerfum og þannig að atvik hefðu veruleg skerðandi áhrif á veitingu þjónustu. Þannig eru settar ákveðnar kröfur í lögum og framangreindri reglugerð sem uppfylla þarf svo aðili teljist rekstraraðili nauðsynlegrar þjónustu.

Samkvæmt NIS-lögum ber þeim stjórnvöldum sem fara með eftirlitshlutverk á grundvelli laganna að tilnefna þá aðila sem uppfylla skilyrði laganna um mikilvægi til háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunaráðuneytisins. Ráðherra birtir á grundvelli þeirra tilnefninga skrá yfir rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu í B deild Stjórnartíðinda. Í ársbyrjun 2022 voru 53 á skrá ráðherra yfir rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu. Þar af voru tíu aðilar sem skilgreindir eru sem rekstraraðilar nauðsynlegrar heilbrigðisþjónustu og falla þar með undir eftirlit embættis landlæknis. Gera má ráð fyrir reglubundinni uppfærslu á skrá ráðherra og geta aðilar orðið fleiri en nú eru á skránni.

Fyrir þá rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu sem hlíta eftirliti embættis landlæknis þá hefur embættið heimild til að afla allra upplýsinga og gagna um skipulag net- og upplýsingaöryggis sem embættið telur nauðsynlegar vegna framkvæmdar eftirlitsins. Embætti landlæknis hefur heimild til að gera úttektir og prófanir til að kanna að hve miklu leyti rekstraraðilar uppfylli kröfur NIS-laganna og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Þá hefur embætti landlæknis heimildir til að rannsaka þær áhættur og þau atvik sem upp koma í net- og upplýsingakerfum aðila til að kanna hvort kröfur laganna og afleiddra réttarheimilda hafi verið uppfylltar á þeim tímamarki þegar áhætta var til staðar eða atvik varð.

Embætti landlæknis hefur heimild til að krefja rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu að framkvæma sértækt áhættumat á einstökum hlutum net- og upplýsingakerfa, á sérstakri áhættu sem getur steðjað að kerfunum sem og vegna útvistunar á rekstri þeirra.

Markmið eftirlits

Meginmarkmið eftirlits embættis landlæknis er að stuðla að auknu öryggi og viðnámsþrótti net- og upplýsingakerfa rekstraraðila nauðsynlegrar heilbrigðisþjónustu gagnvart net- og upplýsingaöryggisögnum.

¹ Sjá g-lið 3. gr. tilskipunar 2011/24/ESB.

Það er markmið embættis landlæknis að í lok árs 2024 sé öryggisskipulag, áhættustýring og viðbúnaður rekstraraðila í samræmi við alþjóðleg bestu viðmið um framkvæmd á þessu sviði.

Embætti landlæknis leggur áherslu á gott samstarf við rekstraraðila, enda er það sameiginlegt markmið allra að tryggja öryggi og virkni þeirra efnahagslega og samfélagslega mikilvægu þjónustu sem rekstraraðilarnir veita.


Stjórnun og grunnþættir í framkvæmd eftirlits og prófana verður í höndum sérfræðinga hjá Miðstöð rafrænna heilbrigðislausna hjá embætti landlæknis en framkvæmd afmarkaðra úttektar- og prófunarverkefna verður að hluta í höndum utanaðkomandi sérfræðinga. Embætti landlæknis leggur mikið upp úr trausti milli aðila og mun gæta að öryggi gagna í hvívetna.

Framkvæmd eftirlits

Embætti landlæknis hefur það hlutverk að gera úttektir og prófanir á því hvort rekstraraðilar uppfylli kröfur NIS laganna og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Það felst m.a. í því að yfirfara fylgni rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu á sviði heilbrigðisþjónustu við lágmarkskröfur samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum. Forgangsröðun eftirlits embættis landlæknis tekur mið af nokkrum atriðum, svo sem niðurstöðum fyrri úttekta embættisins, sjálfsmati rekstraraðila, atvika sem upp hafa komið, breytingum í umhverfi fyrirtækisins, ISO 27001 vottunar, niðurstöðum ytri úttekta og ekki síst áhættumati.

Framkvæmd eftirlits verður að mestu leyti á höndum sérfræðinga embættis landlæknis þótt í ákveðnum afmörkuðum úttektar- og/eða prófunarverkefnum geti embættið leitað til utanaðkomandi sérfræðinga. Embætti landlæknis leggur mikið upp úr trausti milli aðila og mun gæta að öryggi gagna í hvívetna. Það er lagakrafa um að starfsfólk embættisins og utanaðkomandi sérfræðingar sem koma að því að sinna eftirliti á þessu sviði hafi hlotið öryggisvottun ríkislögreglustjóra.

Eftirlit embættis landlæknis hefur hvorki upphaf né endi heldur er um að ræða sífellu-verkefni með fjórum fösom. Fyrsti fasi er þekkingaröflun þar sem rekstraraðilar skila inn sjálfsmati um öryggi net- og upplýsingakerfa sinna auk annarra upplýsinga sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits embættisins. Í öðrum fasa, áhættumat og áætlanir, er lagt mat á áhættu rekstraraðilans og gerð áhættumiðuð úttektaráætlun. Þriðji fasi er úttekt þar sem lagt er hlutlaust mat á hlítingu við lágmarkskröfur og gefin bindandi fyrirmæli um úrbætur ef talin er þörf á því. Í fjórða fasa, eftirfylgni, er fylgst með framgangi úrbóta í samræmi við bindandi fyrirmæli.



Mynd 1: Fasar í eftirliti með hlítingu við NIS lög

Þekkingaröflun

Annað hvert ár er kallað eftir sjálfsmati rekstraraðila á öryggisskipulagi þeirra. Í sjálfsmatinu eru lagðar fyrir rekstraraðila spurningar um fyrirkomulag öryggismála og umgjörð áhættustýringar en jafnframt spurningar varðandi umfang og rekstur. Úrvinnsla og niðurstöður þessa sjálfsmats gefur embætti landlæknis yfirsýn á stöðu mála hjá rekstraraðilum og nýtist jafnframt sem mikilvægt innlegg fyrir afmörkun og forgangsröðun frekara eftirlits með rekstraraðilum í formi úttekta.

Samhliða sjálfsmati er eftir atvikum óskað eftir nánari upplýsingum sem varða öryggi net- og upplýsingakerfa hjá rekstraraðilum, meðal annars um það hvernig brugðist hefur verið við áður greindum frávikum, atvikaskrá, niðurstöðum atvikagreininga auk annarra upplýsinga sem embætti landlæknis telur nauðsynlegt til sinna eftirliti með framkvæmd NIS- laganna. Niðurstöður yfirferðar á framangreindum gögnum eru síðan nýttar til að ákveða afmörkun úttekta.

Áhættumat og áætlanir

Í kjölfar þekkingaröflunar og sjálfsmats liggur fyrir hvort rekstraraðilinn hefur fengið ISO 27001 vottun og hver afmörkun þeirrar vottunar er. Embætti landlæknis getur ákveðið, þegar það á við, að taka tillit til vottunar að hluta til, í heild eða ákveðið eftir frekari yfirferð að vottun nýtist ekki við úttekt. Framkvæma þarf greiningu á afmörkun vottunar að teknu tilliti til þess hvaða kerfi og vinnslur eru innan afmörkunar á úttekt á hlítingu við NIS lögin og hvernig ábyrgð á hýsingu þeirra og rekstri er háttað.

Ef ákveðið er að styðjast við vottun að hluta til eða í heild þá þarf að yfirfara frávik og ábendingar sem kunna að hafa komið fram við síðustu úttekt á hlítingu við ISO 27001. Ef greining á umfangi vottunar nær yfir stóran hluta eftirlitsþátta laganna og reglugerðarinnar, og valið er að styðjast við ISO vottun með ákveðnum hætti, t.a.m. við forgangsröðun verkefna, þarf þó ávallt að framkvæma ákveðna skoðun á virkni stýringa sem eru innan umfangs vottunar til að staðfesta virkni og hlítni við ákvæði reglugerðarinnar.

Í kjölfar niðurstöðu úr sjálfsmati rekstraraðila og annarrar þekkingaröflunar vinnur embætti landlæknis áhættugreiningu og áhættumat á rekstraraðilum. Byggt á þeim niðurstöðum er sett fram áhættumiðuð úttektaráætlun og ákveðið hvaða rekstraraðilum og skoðunarliðum kastljósinu verður beint að hverju sinni. Umfang úttekta er að auki ákveðið með hliðsjón af fjármagni, mannafla og öðrum aðföngum embættisins. Úttektaráætlunin er uppfærð eftir þörfum eða að lágmarki þegar verulegar breytingar verða á áhættu, rekstraraðilum, embætti landlæknis og/eða lagaumhverfinu.

Úttektir

Fyrir hverja úttekt er ákvarðað hver markmið úttektarinnar og afmörkun skuli vera, hvaða viðmið eru ásættanleg og hvaða aðferðafræði skuli beitt. Skilgreint er hvaða gögn eru nauðsynleg til að afla upplýsinga frá hlutaðeigandi rekstraraðila. Leitast er við að aðferðafræðin sem valin er sé þess eðlis að markmiðum úttektar sé náð og að þær gefi fullnægjandi upplýsingar um virkni þeirra öryggisráðstafana sem til skoðunar eru.

Við framkvæmd eftirlits er hægt að styðjast við mismunandi matsaðferðir. Sem dæmi má nefna mat á skjölum og gögnum (skrifborðsúttektir) þar sem t.d. skjalfestar stefnur eru yfirfarnar. Þá er hægt að meta stöðu aðila í gegnum spurningalista og viðtöl við starfsmenn og/eða stjórnendur fyrirtækja. Eins er hægt að framkvæma vettvangsskoðun og athuga stöðu aðila með beinum hætti á virkni stýringa ásamt tæknilegum prófunum. Framkvæmd úttektar getur stuðst við eina tegund matsaðferðar, tvær eða fleiri, allt eftir markmiðum og afmörkun úttektar.

Yfirferð á gögnum

Almennt eru skrifborðsúttektir, þar sem farið er yfir skjöl og gögn frá aðilum, nauðsynlegur hluti allra úttekta. Gögn frá aðilum geta t.d. verið öryggisstefnur, niðurstöður áhættumats og valdar öryggisráðstafanir, neyðaráætlanir, einstaka hlutverk aðila og ábyrgðadreifing, verklagsreglur og verklýsingar, lýsingar á hönnun og uppbyggingu kerfa sem og niðurstöður innri prófana og úttektir ytri aðila.

Viðtöl

Mat með viðtölum er vel þekkt aðferð og getur verið sjálfstæð eða til viðbótar við yfirferð gagna með skrifborðsúttekt. Oft er hægt að afla huglægra en gagnlegra upplýsinga í gegnum viðtöl við starfsmenn viðkomandi aðila. Fjöldi viðmælenda getur verið mismunandi eftir stærð rekstraraðila og fyrirkomulagi ábyrgðar á net- og upplýsingakerfum.


Skoðun og prófanir

Mat með beinni skoðun á virkni stýringa og tæknilegum prófunum á öryggisráðstöfun gefur ítarlegar upplýsingar um hlítingu. Hér er t.d. um að ræða hefðbundnar vettvangsskoðanir þar sem farið er á viðkomandi stað og athugað hvort tilgreindar öryggisráðstafanir séu til staðar og virkni þeirra staðfest með skoðun. Það er líka mögulegt að gera formlegar öryggisúttektir á afmörkuðum tæknilegum eða skipulags-

legum ráðstöfunum, sem geta verið framkvæmdar af starfsmanni embættisins og/eða ytri aðila á vegum þess.

Mat á fylgni

Mikilvægur liður við samræmda nálgun eftirlits er samræmi í mati á fylgni við lágmarkskröfur um áhættustýringu og viðbúnað. Í mati sínu mun embætti landlæknis yfirfara 16 skoðunarliði (sjá **Mynd 2** hér að neðan), sem byggja á reglugerð nr. 866/2020 og stöðlunum ÍST ISO/IEC 27001 Stjórnunarkerfi um upplýsingaöryggi, ÍST ISO/IEC 27002 Starfsvenjur fyrir upplýsingaöryggisstýringar og ISO/IEC 27005 Áhættustýring upplýsingaöryggis. Fyrir hvern skoðunarlið er rekstraraðila gefin einkunn á bilinu 0-3. Samræmd matsaðferð og einkunnargjöf gerir embætti landlæknis kleift að bera saman stöðu rekstraraðila og þar með öðlast góða sýn á öryggi net- og upplýsingakerfa rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu á sviði heilbrigðisþjónustu í heild. Þessir skoðunarþættir eru tilgreindir í **Mynd 2** hér fyrir neðan.



Mynd 2: Skoðunarþættir við mat á fylgni við lágmarkskröfur um áhættustýringu og viðbúnað

Í **Tafla 1** hér á eftir eru settar fram forsendur þeirra viðmiða sem tölulegar einkunnir byggja á. Um er að ræða fjórar einkunnir, frá 0-3, ásamt litakóðum til að auðvelda úrvinnslu og yfirsýn.

	Einkunn 3 – Ekkert frávik, skoðunarliðir í lagi, stjórnkerfi hefur verið komið á og er samræmi við lágmarkskröfur reglugerðar. Ekki þörf á viðbrögðum.
	Einkunn 2 - Tækifæri til úrbóta. Ráðstafanir og skjalfesting er til staðar og innleiddar en úrbótaatriði komu upp við skoðun. Niðurstaða kallar á viðbrögð fyrir næstu úttekt.
	Einkunn 1 - Frávik kom upp við skoðun. Ráðstafanir og/eða skjalfesting er til staðar en eru ekki að fullu innleiddar. Niðurstöður kalla á viðbrögð innan sex mánaða.
	Einkunn 0 - Alvarlegt frávik kom upp við skoðun. Ekki hægt að staðfesta að ráðstöfun sé til staðar. Niðurstöður kalla á viðbrögð innan þriggja mánaða.

Tafla 1: Viðmið einkunna

Við mat á heildarstöðu rekstraraðila er tekið tillit til þess hversu ítarleg úttekt fór fram, hvort úttektin náði til yfirferðar á skjalfestri stefnu og verklagsreglum, hvort dýpri rýni fór fram með skoðun á innleiðingu og virkni með úrtökum, og eins ef úttekt var framkvæmd fyrir alla skoðunarliði eða takmörkuð við ákveðna liði.

Við ákvörðun um beitingu bindandi fyrirmæla er tekið mið af niðurstöðum úttekta og einkunn fyrir skoðunarþætti. Tímamörk á viðbrögð rekstraraðila, dagsektir eða önnur stjórnsýsluviðurlög taka mið af einkunn skoðunarþátta. Ávallt verður leitast við að gefa fyrst út bindandi fyrirmæli og tryggja eftirfylgni við þau, áður en meira íþyngjandi úrræðum verður beitt.

Niðurstöður úttektar

Að lokinni upplýsingaöflun, framkvæmd matsaðferða og mati á fylgni eru niðurstöður skjalfestar í drögum að skýrslu sem send er viðkomandi rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu á sviði heilbrigðisþjónustu til yfirlestrar. Yfirlesturinn er hluti af rannsókn málsins og er til þess fallinn að gæta að því að málið sé nægilega upplýst áður en ákvörðun er tekin og andmælaréttur virtur. Með yfirlestri er rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu á sviði heilbrigðisþjónustu gefinn kostur á að kynna sér niðurstöðurnar, leiðréttá misskilning og miðla frekari upplýsingum til embættis landlæknis ef þörf er á.

Ef niðurstaða úttektar leiðir í ljós að rekstraraðili fylgi ekki einhverjum þeim kröfum sem settar eru fram í NIS-lögunum eða reglugerð um öryggi net- og upplýsingakerfa mun embætti landlæknis krefjast þess að úr verði bætt með því að gefa út bindandi fyrirmæli. Hlutaðeigandi aðili fær þá hæfilegan frest til úrbóta sem tekur mið af niðurstöðum úttektar og einkunnagjöf.

Eftirfylgni

Í þeim tilvikum þar sem gefin eru út bindandi fyrirmæli fylgir embætti landlæknis þeim eftir til að gæta þess að úrbætur rekstraraðilans séu fullnægjandi. Á úrbótatímabilinu skal viðkomandi rekstraraðili senda reglulega til embættis landlæknis upplýsingar um framgang úrbóta. Að loknum tímafresti bindandi fyrirmæla er kallað eftir upplýsingum um stöðu úrbóta og embætti landlæknis leggur sjálfstætt mat á hvort úrbætur séu fullnægjandi. Eftir atvikum getur slíkt mat verið gert með vettvangsskoðun og/eða tæknilegum prófunum. Komi í ljós að viðkomandi rekstraraðili hafi ekki farið að fyrirmælum embættis landlæknis um úrbætur getur embættið ákveðið að láta þriðja aðila vinna verkið á kostnað hlutaðeigandi sem og lagt á dagsektir þar til fyrirmælum hefur verið fullnægt að mati embættisins.

Eftirlitsáætlun

Stefnt er að því að á fimm árum náist að taka út hlítingu allra rekstraraðila nauðsynlegrar heilbrigðisþjónustu við lágmarkskröfum NIS laganna og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra.

Fasar í eftirlit embættis landlæknis eru ítraðir á 12 mánaða fresti. Á 11 mánaða tímabili er gert ráð fyrir því að rekstraraðilar svari sjálfsmati, embætti landlæknis meti áhættu og framkvæmi úttektir á þeim rekstrar- aðilum nauðsynlegrar heilbrigðisþjónustu sem embættið telur þörf á.

Mánuður 1 **Sjálfsmat rekstraraðila og þekkingaröflun**

Í fyrsta mánuði er öllum rekstraraðilum nauðsynlegrar heilbrigðisþjónustu sent sjálfsmat til útfyllingar ásamt upplýsingabeiðni.

Mánuður 3 **Áhættumat og áætlanagerð**

Samhliða því að upplýsingaöflun og úrvinnsla er að klárast hefst vinna við

forgangaröðun úttekta með áætlanagerð. Áætlanagerðin byggir á áhættugreiningu og áhættumati.

Mánuður 5 **Úttektartímabil**

Frá mánuði 5 til mánaðar 11 mun embætti landlæknis vinna að úttektum hjá útvöldum rekstraraðilum nauðsynlegrar heilbrigðisþjónustu. Umfang og skoðunaratriði er háð áhættumati, áætlanagerð og auðlindum.

Mánuður 12 **Uppfærsla áhættumats og áætlanagerðar**

Að auki mun embætti landlæknis fylgja eftir bindandi fyrirmælum, rannsaka atvik og kalla eftir sértöku mati á áhættu rekstraraðila nauðsynlegrar heilbrigðisþjónustu ef tilefni er til.